

Skólaráðsfundur Egilsstaðaskóla **haldinn á Teams þann 02.06.21 kl. 16:00**

Mættir: Ruth Magnúsdóttir, Anna Björk Guðjónsdóttir, Ágúst Þór Margeirsson, Carola Björk Tschekorsky Orloff, Ásta Jóna Þórarinsdóttir og Skarphéðinn Smári Þórhallsson

Dagskrá:

1. Skólastarf næsta vetrar

Ruth fór yfir starfsmannamál fyrir næsta vetrar og fram kom að hún sagði að hún hafi sótt um stærra stjórnunar hlutfalli við skólann.

2. Frá nemendum

Ásta Jóna sagði að það væri lítið frá nemendum en loka verkefnið í 10 bekk væri gott nema vinnubókin væri ekki skemmtilegt verkefni. Verkefnið um heimsmarkmiðin var ekki skemmtilegt og hún taldi rétt að sleppa þessu verkefni. Það sem vantaði upp á var að hittast og ræða saman á milli skóla og bekkja eins og lagt var upp með í upphaflegri áætlun um verkefnið.

3. Húsnæði og lóð – viðhaldsáætlun

Það er búið að senda inn tvö erindi til umhverfis og framkvæmdarráðs um að gangafrá lóðinni sem ekki hefur verið gert síðan skólinn var stækkaður. Aðkoma að skólanum er ábótavant og vantar skipulag fyrir lóðina. Eins vantar aðstöðu fyrir þá sem koma hjólandi í skólann.

Húsnæði skólann er að mörgu leyti góð en það þrengir verulega að þar sem nemendum fjölgar og starfsmönnum í hlutfalli við það. Næsta vetur verða notaðar 2 stofur fyrir 1 bekk 2 stofur fyrir 2 bekk og 3 stofur fyrir 3 bekk og allar mjög þétt setnar. Kom fram að sveitarfélagið þurfi að fara að vinna áætlun um hvernig á að koma á mót svið þá fjölgun sem er að verða á næstu árum. Nauðsynlegt að fara að vinna áætlun.

4. Önnur mál

Engin önnur mál

5. Opinn fundur skólaráðs

Gyða Guttormsdóttir mæt og hún sagði frá að í býgerð væri að gera viðhorfskönnun um mötuneyti skólans og rétt að horfa til þess að skólinn er í verkefninu Heilsueflandi skóli. Rétt að flétta inn heimsmarkmiðin og Grænfána verkefnið betur inn í skólastarfið.

Anna Björk sagði frá verkefninu Á grænni grein sem tengis t.d. mötuneytinu þar sem er fjallað um matarsóun.

Ruth telur að ríkið sé ekki að sinna sínu hlutverki í geðheilbrigðismálum sem hefur áhrif á fyrsta stigs þjónustu skólanna og sveitarfélaga.

Skólaráð er sammála um það að fundir á Teams (fjarfundir) hafi fleiri kosti en galla og telja að rétt sé að halda þessu formi áfram. Rétt er þó að boða til opinna funda á sal þar sem að ekki séu allir vanri þessu formi.

Fundur slitið 16:50